

Höftin, ríkisfjármálin og efnahagsbatinn

Morgunverðarfundur Viðskiptaráðs Íslands 24. mars 2010

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri

Hvers vegna höft?

- Traust á ríkissjóð og gjaldmiðil hvarf eftir fall bankanna
- Yfirvofandi fjármagnsflótti
- Hætta í ljósi umtalsverðrar lánsfjárþarfar og endurfjármögnunar ríkissjóðs á næsta ári
- Höftin veita stjórnvöldum svigrúm til að endurskipuleggja fjármálakerfið, ná tökum á ríkisfjármálum og taka á vanda skuldugra heimila og fyrirtækja

Hvers vegna afnema höftin sem fyrst?

- Óstöðugu fjármagni verður ekki haldið innan haftanna til eilíðar
- Brot á þrennum alþjóðasamningum sem Ísland hefur undirritað
- Traust verður ekki byggt upp með varanlegum hætti innan múra víðtækra gjaldeyrishafta
- Höftin kunna að halda aftur af erlendri fjárfestingu
- Mikil hagnaðartækifæri af ólöglegri starfsemi hvetur til lögbrota, grefur undan siðferði viðskipta og skekkir samkeppnisstöð - einkum ef illa framfylgt

Leiðin út úr höftum

- Efnahagsbati og afnám hafta eru háð því að vandi ríkisfjármála leysist
- Forsenda útflutningsdrifins efnahagsbata er að útflutningsfyrirtæki hafi aðgang að erlendu lánsfé
- Það gerist vart nema ríkissjóður að hafa aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum á viðráðanlegum kjörum
- Gólf fyrir vaxtakjör atvinnufyrirtækja
- Að endurreisa traust á ríkissjóð er því forsenda efnahagsbata

Hvernig má endurreisa traust á ríkið og efnahagslífið?

- Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum til að sýna fram á að ríkið ráði við skuldir sínar
- Tryggja nægan gjaldeyri og að lokum aðgengi ríkissjóðs að erlendu lánsfé vegna endurfjármögnunnar árin 2011 og 2012
- Vottun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
- Hefja afnám hafta í áföngum þegar nægur forði er staðar